

L Ö G

16
24. marz

um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. 3. málsgrein orðist svo.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, áður en veikin kom sannanlega fram í fjárstofni þeirra, eða hafa síðar tekið við búi, er þeirri stærð nam, þótt gengið hafi saman vegna fjársýkinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

17
24. marz

L Ö G

um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Atkvæðagreiðslur þær, er greinir í þingsályktun, samþykktri á Alþingi 25. febrúar 1944, um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918, og í stjórnarskipunarlögum frá 15. des. 1942, skulu fara fram 20. til 23. maí 1944 eftir því, sem nánar skal kveða á í auglýsingu ráðherra. Atkvæðisrétt eiga allir kjósendur til Alþingis samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Atkvæðagreiðslur samkvæmt 1. gr. skulu vera leynilegar og skulu fara eftir kjörskrá yfir alþingiskjósendur, er gera skal í febrúar 1944. Skulu kjörskrár liggja frammi frá 1. til 10. apríl og kærur allar úrskurðaðar fyrir 20. apríl.

Kjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað skýrslu um tölu kjósenda í kjördeild hverri, en hann sendir síðan þegar viðkomandi ráðuneyti skýrslu um tölu allra kjósenda í kjördæminu.